

**Ed.**

**487. Frumvarp**

til laga um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 285, með þessum breytingum:

7. liður 2. gr. hljóðar svo:

Að hafa vanist á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar; sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim; það skal vita um bygging og lífsstörf mannslikamans og um helstu atriði, er að hollustuháttum lúta, þar á meðal um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vinanda og tóbaks; ennfremur skal það þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lífn-  
aðarhætti þektustu dýra.

11. gr. hljóðar svo:

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum 5., 6. eða 7. gr. eða fyrirskipun, sem gerð er samkvæmt ákvæðum

10. gr., án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2–5 króna, eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

20. gr. hljóðar svo:

Barni, sem er fullra 14 ára og hefir eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 19. gr., og er því skylt að koma á næsta ári til prófs. Komi það eigi til prófs, fer samkvæmt síðasta lið 18. greinar. Nú kemur það í ljós við próf 10 ára barns eða eldra, að það reynist að dómi kennara og læknis óhæft til hins lögboðna náms, sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, og skal þá ekki heimta af því aðra kunnáttu en nokkra þekking í lestri og skrift.